

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Húsavík nr. 438/1985 með síðari breytingum.

1. gr.

1. grein samþykktarinnar orðist svo:

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana á Húsavík, þ.á.m. söluturna, mjólkurbúða og brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t.d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o.s.frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðasölu á götum, úr blaðsöluvögnum eða blaðsöluturnum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar úrskurðar bæjarstjórn ágreiningsefnið að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

5. grein samþykktarinnar orðist svo:

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag, nýjárstag og 1. maí skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3. og 4. greinar.
- Á aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur gert með heimild í 1. gr. laga nr. 17, 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1992.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Líndal.